

**Nr. 139/11 Sigrún SU 166****Strandar í Fáskrúðsfirði**

Skipaskr.nr. 7002  
Smíðaður: Hafnarfirði 1987 plast  
Stærð: 6 brl. 4,9 bt.  
Mesta lengd: 7,73 m Skráð lengd: 7,65 m  
Breidd: 2,68 m Dýpt: 1,55 m  
Vél: FM 86 kW 2004  
Fjöldi skipverja: 2



Sigrún ©Finnbogi Jónsson

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. ágúst 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni


*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 21. nóvember 2011 var Sigrún SU 166 á landleið inn Fáskrúðsfjörð. Veður S 7 m/sek á Vattarnesi.

Bátsverjar höfðu lagt línu utarlega í firðinum og voru á landleið. Annar skipverjanna tók við stjórn og setti stefnu á ljósin í kaupúninu inn í firði. Þegar siglt hafði verið í nærri hálfa klukkustund tók Sigrúnu SU niðri og stöðvaðist hún á grynningum nokkru innan við Víkurgerði. Skipstjórinn kallaði á aðstoð við að ná bátnum úr fjörunni og voru björgunarbátar sendir til aðstoðar. Enginn leki kom að bátnum og áður en björgunarbáturinn Hafdís kom náðu skipverjar Sigrúnar SU á flot aftur og sigldu í fylgd björgunarbátsins inn til Fáskrúðsfjarðar.

Eftir að Sigrún SU var tekin á land sást að brotnað hafði aðeins upp úr ystu skel á bakborðsbóg og drag undir kili bognað aðeins upp.



***Við rannsókn kom fram:***

- að skipstjóri sagðist hafa sagt skipverjanum að halda stefnu á ljósin í bænum og falið honum stjórnina eins og svo oft áður enda hafði þeir verið saman á sjó í áratugi. Skipstjórinn sagðist hafa farið aftur á til að þrifa og taka til eftir lögnina. Dýptarmælir hafi verið í gangi en þegar báturinn stóð fastur var búið að slökkva á honum;
- að bæði skipstjórinn og skipverjinn sögðu að leiðarbjart hafi verið inn fjörðinn og öll ljós á ströndinni vel sýnileg en svarta myrkur verið til landsins svo ekki sást upp í fjöruna. Hvorugur þeirra sagðist hafa gætt að Hafnarnesvita sem sást til aftur út og sagðist skipstjóri hafa verið svo upptekinn við þvottinn að hann gætti ekki að vitanum sem sýndi grænan geira yfir grynningarnar við suðurströndina en hvítan inn fjörðinn;
- að skipverjinn sagðist hafa slökkt á kortaskjá í GPS-tæki því hann lýsti svo bjart að hann var blindaður af birtunni og sá ekkert út um gluggana. Hann sagðist ekki muna hvort hann hafi einnig slökkt á dýptarmælinum en birta frá honum truflar ekki útsýnið eins mikið og frá kortaskjánum. Hann sagði að stífur vindur hafi verið á stjórnborðssíðuna á siglingunni af N, NA og það gæti hafa breytt siglingunni;
- að við vinnslu málsins var fengin ferilskráning um siglingu Sigrúnar SU þennan dag en skráningin sýndi aðeins lítinn hluta siglingarinnar á útleið eða frá kl. 17:00 til 17:23. Þetta gæti skýrst af skugga sem er á VHF fjarskiptakerfinu undir suðurströnd fjarðarins á þessum slóðum.

***Nefndarálit:***

Orsök strandsins var kæruleysi við siglingu bátsins.